

FUNDARGERÐ HÉRAÐSFUNDAR 2022.

Héraðsfundur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis

haldinn á Hvammstanga 6. júní 2022.

Héraðsfundur var settur með guðspjónustu í Hvammstangakirkju kl. 11. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup, prédikaði, sr. Magnús Magnússon þjónaði fyrir altari, kirkjukór Hvammstanga söng og organisti var Eyþór Wechner Franzson.

Í lok guðspjónustu voru vígslubiskup og sr. Guðni Þór Ólafsson kvödd og þeim þökkkuð þjónustan með orðum og gjöfum.

Fundarstörf hófust að afloknum hádegisverði á Sjávarborg í safnaðarheimili Hvammstangakirkju kl. 13.30.

Fundarstjóri var skipaður Júlíus Guðni Antonsson og prófastur fundarritari.

Því næst flutti prófastur **yfirlitsræðu héraðsnefndar**. Þrjú áhersluatriði voru:

- Fæðsla ungdómsins
- Varðveisla kirkna, afhelgun kirkna eða leyfi til að taka ofan kirkju.
- Námskeið og samstarf sókna í milli.

Reikningar héraðssjóðs: Gjaldkeri fór yfir lykiltölur og kynnti fjárhagsáætlun.

Árið 2021.

Tekjur 3. 137. 616

Gjöld 3. 932.261

- Barnastarf 2. 100.000
- Fermingarstörf 731.475
- Héraðsfundur 224.286

Rekstrarafkoma ársins - (791.457)

Óráðstafað eigið fé 11. 548.570

Umræður:

Steindór R. Haraldsson: Ræddi um hækkun sóknargjalda, fund með fjárlaganefnd Alþingis og starf sóknarsambands kirkna að því að aflétta megi friðun kirkna.

Sr. Gísli Gunnarsson ræddi um sóknargjöld, úthlutun úr Jöfnunarsjóði kirkna og sölu á kirkjum til að létta á rekstri sóknarkirkna.

Málefni Kirkjuþings:

Steindór R. Haraldsson. Kirkjuþing var háð í þremur lotum og tók það 57 mál til umfjöllunar.

Rekstri Biskupstofu var skipt í tvennt,-rekstarstofuog biskupstofu.

Fjárhagsstaða kirkjunnar er ekki jafn slæm og af hefur verið látið.

Sameining prestakalla í Húnavatnssýslum.

Sr. Gísli Gunnarsson: Um sölu prestsbústaða, en kirkjuþing hefur með tillögum frá fjármálahópi ákveðið að í byggðarlögum með íbúatölu yfir 500 manns skuli prestsetrið selt. Þá hafa nokkrar prestsetursjarðir verið settar á söluskrá. Kirkjan fær árlega til rekstrar, á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins, tæpa 4 milljarða. Um ¾ tekna fara til greiðslu launa.

Sameining sókna: Tvær sameiningartillögur lagðar fyrir héraðsfund til staðfestingar.

- Breiðabólstaðarsókn og Hvammstangasókn; Hofssókn og Hofsóssókn.

Prófastur kynnti málið og þá gerði sr. Magnús Magnússon frekari grein fyrir aðdraganda máls. Sr. Halla Rut Stefánsdóttir gerði grein fyrir erfiðleikum safnaða við að halda við friðuðum kirkjum.

Steindór Haraldsson: ræddi um nauðsyn þess að að hvati til sameiningar komi frá grasrótinni. Með sameiningu sókna fækkar þeim, sem starfa í kirkjunni.

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir: Ekki er það einhlítt að með sameiningu sókna fækki þeim sem ábyrgð bera, skipa má kirkjunefnd við hverja kirkju.

Báðar sameiningar voru samþykktar samhljóða .

Sameining prestakalla í Húnavatnssýslum.

Lárus Ægir Guðmundsson. Hann reifaði aðdraganda máls, en í upphafi barst bréf frá biskupi Íslands árið 2019. Framsaga LÆG var samhljóða greinargerð dags. 5 . apríl 2022, sem fjórir sóknarnefndarformenn í Húnavatnssýslum sendu Drífu Hjartardóttur, forseta Kirkjubings.

Prófastur svaraði ásökunum fjórmenninga um það að enginn stuðningur hefði borist frá héraðsnefnd til Kirkjubings.

Björn Magnússon:Sárt að þurfa að standa í styrjöld við kirkjuyfirvöld.

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Mörg mistök voru gerð og engin sameining fór fram eins og sú , sem hér var gerð.

Spurn frá Steindóri R. Haraldssyni: Ef prófastur fékk bréf frá biskupi Íslands um sameiningu í Melstaðar - og Breiðabólstaðarprestakalli, af hverju var ekki kallað til aukahéraðsfundar?

Sr. Magnús Magnússon: Í vísitasíu hér (2018) lýsir biskup því yfir að prestar verði áfram fjórir þrátt fyrir sameiningu, en á héraðsfundi á Hólum (2021) kemst vígslubiskup svo að orði að við starfslok sr. Guðna, verði Melstaðarprestakall ekki auglýst að nýju. Hér er skjótt breytt um afstöðu. Störf Kirkjubings eru í skötulíki.

Sigríður Hjaltadóttir: Af hverju var ekki haft samband við meðlimi í Melstaðarprestakalli við samningu bréfs til forseta Kirkjubings?

Halldór Guðmundsson:Aðrir formenn voru ekki settir hjá.

Steindór R. Haraldsson:Ekki var farið að reglum.

Lárus Ægir Guðmundsson: Tók í sama streng.

Guðmundur Valtýsson:Þakkir til Lárusar og félaga , hefði viljað styðja að þeim.

Björn Magnússon: Nauðsynlegt að fólk láti fram koma að það sætti sig ekki við viðlíka vinnubrögð og þessi sameining prestakalla sýnir.

Fundarstjóri las því næst upp tvær ályktanir til samþykktar. Báðar voru þær samþykktar og fara hér á eftir:

„Héraðsfundur Húnavatns - og Skagafjarðarprófastsdæmis haldinn á Hvammstanga 6. júní 2022 samþykkir eftirfarandi:

1. Biskup Íslands og vígslubiskuparnir á Hólum og í Skálholti lögðu fram tillögu á kirkjuþinginu, sem haldið var 26. -28. mars 2022 þess efnis að sameina skuli Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestaköll í eitt prestakall. Tillagan hafði aldrei komið til umræðu eða álits á héraðsfundum prófastsdæmisins. Héraðsfundurinn lýsir yfir furðu sinni og vanþóknun á að biskupafundur skuli vísitandi leggja fyrir kirkjuþing tillögu þar sem ekki var farið að 3. gr. Starfsreglna nr. 1026/2007 sem kirkjuþing hefur sjálft sett. Það er með eindæmum að helstu stjórnendur þjóðkirkjunnar skuli sýna með þeim hætti kirkjunnar fólki í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi lítilsvirðingu með því að fara ekki að þeim reglum sem í gildi eru um skipulag kirkjunnar í héraði.
2. Héraðsfundurinn mótmælir sem ólögmætri ákvörðun að 62. Kirkjuþing skuli hafa samþykkt breytingartillögu löggjafarnefndar þingsins í 30. máli, í þá veru að sameina skuli Breiðabólstaðar- Melstaðar-Skagastrandar og Þingeyraklaustursprestaköll í eitt prestakall, þ.e. Húnavatnsprestakall. Breytingartillagan var lögð fram við tillögu biskupafundar um að sameina Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakall í eitt prestakall. Sú tillaga hafði aldrei fengið umræðu og umsögn héraðsfundar Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis eins og vera ber samkvæmt 3. grein starfsreglna nr. 1026/2007 og var því ekki þingtæk og með öllu ómerk. Efni breytingartillögunnar hafði heldur aldrei komið til afgreiðslu og ályktunar á héraðsfundum prófastsdæmisins og samþykkt hennar því í fullu ósamræmi við reglugerð sem kirkjuþing hefur sjálft srtt um undirbúning slíkra tillagna og ber því að ómerkja hana.

Kosningar:

Vígður maður og leikur í héraðsnefnd til tveggja ára og varamenn til jafnlengdar: Endurkjörin voru sr. Magnús Magnússon og Jóhanna Magnúsdóttir og til vara sr. Gísli Gunnarsson og Halldór Guðmundsson.

Einnig voru endurkjörnir skoðunarmenn Lárus Ægir Guðmundsson og sr. Bryndís Valbjarnardóttir, til vara Halla Másdóttir og Sigríður Fjóla Viktorsdóttir.

Fulltrúi í Hjálparstarf kirkjunnar var endurkjörinn sr. Bryndís Valbjarnardóttir og til vara Kristján Kristjánsson, Lækjarbakka.

Önnur mál:

Steindór R. Haraldsson: Tillaga um að leikmannastefna og sóknarsambandið verði sameinuð. Mál á næsta kirkjuþingi; starfsreglur um val á sóknarpresti í sameinuðu prestakalli. Nýtt form á héraðsfundum.

Guðrún Lára Magnúsdóttir: Annað form á héraðsfundum, tóm fyrir fólk að miðla upplýsingum á milli .

Vígslubiskup: Tekur undir það; vel má skipta fólki í umræðuhópa svo að fleiri komist að.

Prófastur flutti ályktun frá héraðsnefnd um æskulýðsmál og var tillagan samþykkt samhljóða.

Hún var svohljóðandi:

„Ályktun til Kirkjuþings til breytingar á þingsályktun um nýjar áherslur í skipulagi í æskulýðsmálum.

Héraðsfundur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis haldinn á Hvammstanga 6. júní 2022, fagnar framkominni tillögu um nýja skipan í æskulýðsmálum, sem samþykkt var á Kirkjuþingi 2021-2022.

Fundurinn leggur til að þegar verði hafist handa við að staðsetja stjórnstöð svæðistjóra fyrir Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og að ráða svæðistjóra og verkefnastjóra fyrir upphaf hauststarfa árið 2023.”

Í fundarlok söng fundarfólk sálminn Son Guðs ertu með sanni og fékk þar með fararblessun.

Héraðsfundur ársins 2023 er ráðgerður 1. sd. e. páska, 16. apríl.

Dalla Þórðardóttir.